

VÍÐSJÁ

Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
14. árg. 1. tbl. 2022

Áhugaverð
ráðstefna
í sumar

Framtíðin
er björt fyrir
íslenska tungu í
tækniheiminum

Elfa Svanhildur
Hermannsdóttir nýr
forstjóri Þjónustu- og
þekkingarmiðstöðvar

Sjónskerðingin er annað sjónarhorn
Hólmfríður Guðmundsdóttir í viðtali



Verkur, eymsli, þroti?

Diclofenac Teva hlaup

Til staðbundinnar meðferðar útvortis á vöðvum og liðum.

Diclofenac Teva er hlaup sem inniheldur virka efnið díklófenak. Lyfið er notað útvortis við verkjum, eymslum og þroti í liðum og vöðvum vegna bólgu. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. **Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is**

Markaðsleyfishafi Teva B.V. Umboðsaðili er Teva Pharma Iceland ehf.

teva

SEIGLA LANDS OG LÝÐA

Ávarp formanns - Sigpór Hallfreðsson

Seigla er hugtak sem er mér ofarlega í huga um þessar mundir. Ekki svo undarlegt í ljósi aðstæðna undanfarinna tveggja ára. Til að ná utan um merkingu orðsins seigla koma upp í hugann orð eins og þolgæði, styrkur, úthald, þol, staðfesta og þrautseigja. En einnig fylgja órjúfanleg tengsl við að eiga sterka innri hvöt til að ná takmarki sem stefnt er að.

Seigla er nefnilega ákveðið viðhorf til atburða og aðstæðna sem fela í sér einhvers konar áskorun eða mótlæti. Viðhorf þess sem lætur ekki bugast heldur heldur sínu striki hvað sem á dynur og hefur lokamarkið ætíð í huga. Í því felst mikill innri styrkur sem gerir gæfumuninn á milli árangurs og uppgjafar.

Vísast er sumum gefið meira þolgæði en öðrum í vöggugjöf, en seigla þróast líka með reynslunni. Þau okkar sem gefa sjálfum sér það svigrúm að læra af mistökunum þróa með sér seiglu og þolgæði. Það er ekki síður mikilvægt að læra af öðrum og eiga sér góðar fyrirmyndir.

Það virðist stundum eins og að seigla geti hreinlega verið smitandi eins og sýndi sig í samstöðu þjóðarinnar í heimsfaraldrinum. Þau sem baráttuna leiddu voru góð fyrirmynd og sýndu mikla seiglu, voru alltaf til í að læra af mistökum, tileinka sér nýja þekkingu, endurmeta stöðuna og taka mið af aðstæðum hverju sinni. En markmiðin voru alltaf skýr og vörðuðu leiðina.

Sama má segja um handboltalandsliðið sem stóð sig svo vel núna í janúar. Þar virtist seiglan vera heimilisföst í liðsheildinni sem smitar henni til nýliðanna sem ganga inn í




hópin og tileinka sér hugarfar liðsins.

Kannski endurspeglast seigla best í því að „vilji er allt sem þarf“. Þannig er alveg sama hvernig við horfum á ferðalagið, hvort við tökum það skref fyrir skref, dag í senn eða leik fyrir leik. Hver áfangasigur færir þig nær takmarkinu og þér má alveg mistakast oft og leggja nokkrar lykkjur á leið þína.

Í þessu tölublaði af Víðsjá fáum við meðal annars að kynnst þessu hjá ungri listakonu sem lætur ekkert aftra sér frá því að elta drauma sína og hún hefur séð þá rætast einn af öðrum.

Hver og einn ákvarðar sitt takmark, sem getur verið stórt eða smátt og breyst með tímanum. En eigir þú þér draum hefurðu ósjálfrátt góðan stað til að hörfa á. Þá er nefnilega allt í lagi að víkja til hliðar um stund, átta sig að stöðunni, leiðrétta stefnuna og sækja síðan fram um leið og færi gefst. Þá hefst allt með seigluinni.

ÍSLENSKA



Framtíðin er björt
bls. 4.

ELFA



Elfa Svanhildur Hermannsdóttir í
viðtali bls. 8.

MIKIL BREYTING



Marakess-sáttmálinn
bls. 14.

BADMINTON



Hægt að spila drónabadminton
bls. 7.

SÖFNUN



Rauða fjöðrin safnar fyrir
leiðsöguhundum bls. 12.

VIVA



Áhugavert valdeflingarverkefni
bls. 24.

HÓLMFRÍÐUR



Myndlist með sjónarhorni
sjónskerðingar bls. 20.

HEILSA



Heilsuklúbburinn hressir og bætir
bls. 28.

MATARSÓUN



Rósa fjallar um síðasta séns
bls. 27.

RÁÐSTEFNA



RIWC 2022 & NOK 2022
bls. 30.

Viðsjá. Rit Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi. 14. árg. 1. tbl. 2022.

Útgefandi: Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi, kt.: 470169-2149, Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík.

Ábyrgðarmaður: Sigbór U. Hallfreðsson.


Ritnefnd: Baldur Snær Sigurðsson, Eypór Kamban Þrastarson, Friðrik Steinn Friðriksson, Hlynur Þór Agnarsson, Kristinn Halldór Einarsson, Rósa Ragnarsdóttir og Sigbór U. Hallfreðsson.

Ritstjóri: Friðrik Steinn Friðriksson.

Greinahöfundar: Eypór Kamban Þrastarson, Friðrik Steinn Friðriksson, Hlynur Þór Agnarsson, Kristinn Halldór Einarsson, Marjakaisa Matthíasson, Rósa Ragnarsdóttir og Sigbór U. Hallfreðsson.

Ljósmyndir: Ólöf Gyða Risten, Anna Karen Skúladóttir, Friðrik Steinn Friðriksson o.fl.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.



FRAMTÍÐIN ER BJÖRT FYRIR ÍSLENSKA TUNGU Í TÆKNIHEIMINUM

Núgildandi máltækniáætlun stjórnvalda lýkur nú í haust, en um er að ræða fimm ára áætlun frá árinu 2018 til 2022.

Árangurinn sem nú þegar hefur áunnist er mikill. Áætlunin inniheldur fimm kjarnaverkefni: talgreini, talgervingu, vélrænar þýðingar, sjálfvirkar leiðréttingar og málföng. Stóra markmiðið er þríþætt. Í fyrsta lagi að tryggja að íslenska standi jafnfætis öðrum tungumálum í tækniheiminum, í öðru lagi að vernda íslenska tungu og í þriðja lagi að stuðla að aðgengi almennings og atvinnulífs að nauðsynlegri tækni. Framtíðarsýnin er sú að við munum geta talað íslensku við tækin okkar. Á sama tíma og það mun auka þægindi allra mun það gjörbreyta lífsgæðum þeirra sem hvað mest þurfa á því að halda.

eflaust halda og viljum við hvetja atvinnulífið til að taka af skarið og nýta sér þær lausnir sem nú þegar eru tilbúnar til notkunar. Fjöllum aðeins um hvaða lausnir hafa nú þegar litið dagsins ljós út frá þessum fimm kjarnaverkefnum sem talin voru upp hér á undan.

Í málum er varða talgreini getum við nefnt tvær lausnir. Önnur þeirra er sjálfvirk talgreining fyrirtækisins Tiro sem breytir töluðu máli í texta sem hægt er að vinna með. Hægt er að kynna sér lausnina og prófa á vefnum tal.tiro.is. Einnig sýnir fyrirtækið beina útsendingu RÚV með rauntímatextun á vef sínum

Í raun erum við komin mun lengra en margir

www.tiro.is. Spannandi verður að fylgjast með



notkun rauntímatextunar aukast, en nýverið ákvað borgarstjórn Reykjavíkur að nýta tæknilausn Tiro til að texta orð borgarfulltrúa á fundum sínum út fyrri helming þessa árs, til reynslu. Árangurinn verður síðan metinn og ákvörðun tekin um framhaldið í kjölfar þess. Annað frábært verkefni er varðar talgreiningu er smáforritið Embla, sem við hjá Blindrafélaginu höfum fjallað um áður. Embla er í boði fyrir Android- og Apple-snjalltæki og getur tekið við munnlegum fyrirspurnum og gefið svör á íslensku til baka. Sem dæmi um hvað Embla getur gert eru almennir útreikningar, umbreytingar mælieininga, upplýsingar um veður, ferðir Strætó, opnunartíma stofnana og fyrirtækja, fjarlægðir frá stöðum og heimilisföngum og hversu langan tíma tekur t.d. að ganga, hjóla eða aka þangað. Möguleikar Emblu eru í sífelldri þróun og vonast er til að hún geti í framtíðinni framkvæmt ýmsar aðgerðir, en ekki einungis virkað sem upplýsingaveita. Einnig er í þróun svokallað Emblubox, sem ætlunin er að verði fyrsti íslenski snjallhátalarinn.

Í málaflokki talgervingar hefur fjölmargt áunnist. Nú þegar hafa tvær nýjar íslenskar raddir, Álfur og Diljá, litið dagsins ljós og von er á mun fleiri á komandi misserum. Gífurleg vinna hefur verið lögð í hágæðaupptökur á fjölda mismunandi radda til að tryggja hámarksgæði og gott úrval þegar kemur að vali á talgervilsröddum. Eftir að íslensku raddirnar Karl og Dóra hurfu á braut úr Google Play Store á síðasta ári er ekki lengur hægt að sækja þær og nýta í nýjum Android-snjalltækjum. Þau viðbrögð sem Blindrafélagið fékk við þessum fregnum voru mjög góð og vinna er á lokametrinum við að koma Álfu og Diljá á þann stað að þau geti tekið við keflinu af Karli og Dóru í Android-snjalltækjum landsmanna.

Vinsældir og mikilvægi vélrænna þýðinga hafa aukist gífurlega á undanförunum árum og hefur Google Translate þýðingartólið verið þar í fararbroddi. Nú hefur íslenski vefurinn Vélþýðing.is verið opnaður og þýðir hann texta frá íslensku yfir á ensku og öfugt. Þýðingar af



Tárin sem endast

VISMED® myndar náttúrulega tárafilmu á yfirborði hornhimnunnar sem endist óvenjulengi á auganu

VISMED® inniheldur hýalúrónsýru sem er smurolía náttúrunnar og finnst víða í mannslikamanum

VISMED® inniheldur engin rotvarnarefni og því eru hverfandi líkur á ofnæmi



DROPAR

Skammtahylki, án rotvarnarefna.

Hægt er að loka eftir opnun.

Dreypiglas 10 ml

Má nota í 3 mánuði eftir opnun.



GEL

Skammtahylki, án rotvarnarefna.

Hægt er að loka eftir opnun.

Dreypiglas 10 ml

Má nota í 3 mánuði eftir opnun.

Vantar smurolíu í augun?



Svissnesk gervitár við augnþurrki • Fást í öllum helstu apótekum

vefnum eru ólíkar þeim sem koma frá Google Translate. Sem dæmi settum við inn ensku setninguna „I wonder how they got to this conclusion“ og komu íslensku þýðingarnar mismunandi út. Google Translate gaf þýðinguna: „Ég velti því fyrir mér hvernig þeir komust að þessari niðurstöðu“ á meðan Vélþýðing.is gaf þýðinguna: „Hvernig ætli þeir hafi komist að þessari niðurstöðu“. Þess ber að geta að vefurinn Vélþýðing.is er enn í þróun. Fyrir áhugasama er slóðin á Google Translate translate.google.com og Vélþýðing.is er www.velthyding.is.

Yfirlestur og sjálfvirkar leiðréttingar njóta einnig, líkt og vélrænar þýðingar, aukinna vinsælda um heim allan. Vefsíðan Yfirlestur.is er eitt af þeim nýju tólum sem sprottið hafa upp vegna íslensku máltækniáætlunarinnar. Þar má með einföldum hætti afrita texta og láta lausnina lesa hann yfir. Vefurinn gefur ábendingar um ýmislegt sem betur mætti fara. Vefslóðin er www.yfirlestur.is og prófaði undirritaður að láta tólið lesa þessa grein yfir og fékk nokkrar góðar ábendingar frá vefnum.

Eins og dæmin sanna þá er vinna síðastliðinna ára þegar farin að skila okkur lausnum sem styðja við hið stóra markmið máltækniáætlunarinnar. Með opnu aðgengi að málföngum, orðabönkum, upptökum og öðru slíku er markmiðið að hver sem er, einstaklingur, stofnun eða fyrirtæki, geti nýtt þessar grunnstöðir og smíðað sína eigin lausn ofan á þær. Slíkar lausnir geta verið allt frá sjálfvirkum símsvörum upp í talgervilsvélar fyrir sjálfsafgreiðslukassa

eða viðbót í heimabanka sem býður upp á að framkvæma millifærslur, greiða reikninga og fá upplýsingar um stöðu með röddina eina að vopni.

Við hjá Blindrafélaginu fögnum innilega þeim frábæra árangri sem náðst hefur hingað til og hlökkum til að sjá frekari nýjungar spretta upp á komandi árum og áratugum sem munu styðja við aukið sjálfstæði okkar félagsmanna og auka þægindi okkar allra. Mikilvægt er að við stoppum ekki núna, heldur höldum ótrauð áfram og innleiðum þessar lausnir sem víðast, svo þær megi verða almennar. Einnig bindur félagið vonir við að erlend stórfyrirtæki á borð við Microsoft, Google og Apple nýti sér þau gögn sem til staðar eru til að gera íslensku að valkosti í tækjum sínum, forritum og öðrum lausnum. Möguleikarnir eru ótæmandi og tækifærin því fjölmörg. Það gleður okkur einnig að í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er íslenska máltækniáætlunin inni og þannig má reikna með því að framhald verði á núverandi áætlun, sem lýkur nú í haust.

Með þeirri miklu samstöðu sem virðist ríkja um þennan málaflokk á Íslandi og þann breiða hóp sem stendur á bak við hann, þar sem m.a. eru Samtök atvinnulífsins, getum við ekki annað en leyft okkur að horfa björtum augum til framtíðar og trúum við því að við náum að forða íslenskunni frá stafrænum dauða og tryggja henni fastan sess í tækninýjungum framtíðarinnar.

Hlynur Þór Agnarsson
Aðgengis- og upplýsingafulltrúi
Blindrafélagsins





BADMINTON FYRIR SJÓNSKERTA

Badminton er íþrótt sem erfitt er að ímynda sér að henti fyrir blinda og sjónskerta. Íþróttin krefst snerpu og nákvæmni.

Þetta var þó verkefni sem háskólakennarinn Yoichi Ochiai og nemendur hans við Tsukuba-háskólann ákváðu að taka sér fyrir hendur.

Segja má að þeim hafi tekist það verkefni því að þau þróðu badminton fyrir sjónskerta og blinda.

Í byrjun verkefnisins voru aðilar fengnir inn til að lýsa vandamálum tengdum því að stunda íþróttir þar sem boltinn skýst áfram í loftinu, eins í og badminton. Meðal vandamála var hversu litlir svona boltar væru og hversu hratt þeir fara.

Eftir hugmyndavinnu komust nemendurnir að þeirri niðurstöðu að heppilegast væri að skipta út flugunni fyrir flygildi sem væri nógu stórt og gæti aðlagð hraða sinn hverju sinni. Auðvitað þyrfti það að gefa frá sér hljóð. Flygildið er síðan í búi svo spaðar þess geta ekki meitt spilara. Stærðin, hraðinn og hljóðið gera það allt að

verkum að auðveldara er fyrir sjónskerta að vita hvar flygildið er.

Þegar boltanum hefur verið breytt af svona mikilli róttækni gefur augaleið að endurhanna þarf spaðann fyrir nýjan bolta. Nýi spaðinn er stór og hringlaga án nets en hins vegar með skynjurum sem greina hvernig spaðinn hittir boltann.

Með þessu öllu geta notendur slegið sín á milli. Þetta verkefni er sem stendur á tilraunastigi en það verður gaman að fylgjast með hvernig það þróast. Verkefnið eykur fjölbreytni þeirra tómstunda sem blindir og sjónskertir geta stundað.

-FSF





NÝR FORSTJÓRI

Elfa Svanhildur Hermannsdóttir var ráðin forstjóri Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, sem í daglegu tali er kölluð Miðstöðin. Viðsjá vildi fræðast meira um Elfu og stofnunina sem hún stjórnar.

Nú hefur þú starfað sem forstjóri Miðstöðvarinnar í 10 og hálfan mánuð, hvernig hefur sú reynsla verið?

Þetta starf er frábært. Fólkið sem við veitum þjónustu er svo jákvætt og gaman að vinna með því. Starfsfólkið á Miðstöðinni er einstakt. Það vilja allir leggja sig fram við að gera vel og gera betur. Starfið sjálft er ákaflega fjölbreytt og verkefnin eru spennandi og krefjandi. Það eru forréttindi að fá að vinna í þessum geira og

taka þátt í að móta og bæta þjónustuna.

Hvernig kynnist þú málaflokki blindra og sjónskertra?

Ég var nýlega búin að klára kennaranámið og var að vinna í grunnskóla þegar samstarfskona mín spurði mig hvort það mætti benda á mig sem enskukennara. Frændi hennar væri blindur og þyrfti hjálp við ensku í framhaldsskóla. Ég vildi að sjálfsögðu taka að mér verkefnið. Úr varð að



Opin Kerfi



ég fékk að aðstoða Bergvin Oddsson sem var þá formaður Ungblindar. Eftir að hafa kynnst honum og við unnið saman með enskuna spurði hann mig um vorið hvort ég hefði áhuga á að fara út sem fylgdarmaður í sumarbúðir fyrir blinda sem væru haldnar á Norðurlöndum. Ég var fljót að játa því og úr varð að ég fór í tvær ferðir. Í annarri þeirra sögðu krakkarnir mér af vinnu sem þau höfðu tekið þátt í, að verið væri að undirbúa þjónustumiðstöð fyrir blinda og sjónskerta einstaklinga og hvort ég hefði ekki áhuga á að starfa við þá miðstöð. Þau sögðu mér að það væri í undirbúningi að ráða fólk og senda það jafnframt til náms til að geta sinnt störfunum. Á þeim tíma hafði ég komist inn í námsráðgjöf við Háskóla Íslands og var á leið í það nám. Ég sá svo auglýst störfín fljótlega eftir að ég kom heim og sótti um að verða kennsluráðgjafi. Ég var svo heppin að fá starfið og við tók nám í kennslufræðum með blinda og sjónskerta nemendur ásamt því að starfa á vettvangi undir handleiðslu Helgu Einarsdóttur heitinnar.

Við hvað hefur þú áður starfað?

Ég hef starfað sem liðsmaður fyrir fatlaða, kennari, sérkennsluráðgjafi o.fl. Áður en ég kom aftur til starfa á Miðstöðinni var ég framkvæmdastjóri hjá Mentor og þar á undan forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Hvaða starf á sér stað á Miðstöðinni?

Hvaða þjónusta er í boði?

Það er svo skemmtilegt starf sem á sér stað á Miðstöðinni. Fólk getur lært umferli með hvíta stafnum, þ.e. lært rötun. Við kennum ADL, þ.e. athafnir daglegs lífs, að fólk geti orðið öruggt á

sínu heimili þrátt fyrir sjónmissi. Við kennum á forrit í tölvu og síma sem gerir fólki kleift að nota tækin sín þrátt fyrir sjóntap eða hafa ekki sjón. Við úthlutum stækkunartækjum og stækkunarglerjum, mælum sjón og útbúum gleraugu fyrir þá sem þurfa. Við sinnum samþjálfun og eftirliti með leiðsöguhundum o.s.frv. Þá hefur útgáfusvið afgreitt meira en 2000 pantanir á síðastliðnum 12 mánuðum fyrir notendur okkar, mestmegnis fyrir nemendur á öllum skólastigum en einnig annað efni sem berst til okkar.

Eigum við von á breytingum á Miðstöðinni?

Ég tel að breytingin sem varð þegar Sjónstöð Íslands varð að Miðstöðinni hafi heppnast einkar vel. En auðvitað viljum við að Miðstöðin þróist, vaxi og dafni. Við sjáum að notendahópurinn hefur stækkað mikið frá því að Sjónstöð Íslands var og hét. Þegar Sjónstöðin hætti að vera til voru um 1200 manns á skrá en nú í dag eru hátt í 1800 manns á skrá. Notendahópurinn er að breytast, þ.e. fleiri börnum og fullorðnum er vísað í þjónustu til okkar með tilliti til sjónskerðingar af völdum áfalla, þ.e. CVI (heilatengd sjónskerðing). Einnig lifir fólk lengur í dag og því fylgir m.a. hrörnun á sjón. Sá hópur hefur líka stækkað hjá okkur.

Einnig má horfa til tækninnar, að hún er alltaf að verða betri og betri en það þýðir líka að það þarf að kenna fólki og þjálfar það í henni sem tekur lengri tíma.

Við störfum samkvæmt þeim lagaramma sem



okkur er settur, ef það ættu að verða breytingar eins og urðu þegar Miðstöðin varð til þyrfti að fara í vinnu með hagsmunasamtökunum og ráðuneytunum eins og gert var þegar Miðstöðin varð til.

úthlutað hjálpartæki?

Já, verið er að vinna að nýrri hjálpartækjareglugerð með félagsmála-ráðuneytinu. Í raun eru ekki miklar breytingar þar á ferð heldur verður reglugerðin skýrari.

Hvaða hjálpartækjum er úthlutað?

Við vinnum eftir reglugerð um úthlutun á hjálpartækjum og því úthlutum við mismunandi hjálpartækjum eftir því hvort einstaklingur er blindur eða sjónskertur. Við úthlutum t.d. hljóðbókaspilurum og stækkunartækjum til þeirra sem eru lögblindir. Við úthlutum sérhæfðum kennslugögnum til blindra nemenda. Mest er úthlutun í stækkunarglerjum.

Eru breytingar í farvatninu varðandi

Hvernig hafa Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og Marrakesh-sáttmálinn áhrif á starf Miðstöðvarinnar?

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið eins og rauður þráður í gegnum starf Miðstöðvarinnar.

Hugmyndafræði Miðstöðvarinnar var sett fram á sínum tíma með samninginn í huga. Frá upphafi hefur verið lögð mikil áhersla á framleiðslu aðgengilegs efnis, þá sérstaklega fyrir námsmenn. Við sjáum að notendur okkar

fara frekar í háskólanám og í lengra nám af því að efnið er orðið aðgengilegt. Við önnum varla eftirspurn eftir aðgengilegu efni þar sem þörfin er svo mikil og notendahópurinn hefur stækkað.

Hver er framtíð framleiðslu punktaleturs?

Framleiðsla punktaleturs hefur dregist saman líkt og með prentun á öðrum pappír. Flestir okkar notendur sem notast við punktaletur nýta sér tæknina, þ.e. nota punktaletursskjá þannig að ekki er verið að prenta út punktaletur í miklum mæli. Við prentum hins vegar bækur og önnur kennslugögn þegar gott er að hafa pappír í höndunum.

Það er að gerast hér eins og annars staðar í löndunum í kringum okkur að dregið hefur úr áhuga fólks á að læra punktaletur. Margir telja hljóðbækur nægja og að ekki þurfi að geta lesið heldur hlustað. Við hvetjum einstaklinga til að læra punktaletur til að geta lesið sér til gagns. Að það sé eitt að hlusta og annað að lesa. Við skiljum að einstaklingur getur náð miklum hraða í hlustun og komist yfir meira efni þannig, en við vitum líka að það er gott að geta staldrað við og lesið textann þegar þarf að fara á dýptina. Þetta þarf því að fara saman og eitt á ekki að útiloka annað.

Hefur Covid haft áhrif á starf með ykkar skjólstæðingum?

Covid hefur haft mikil áhrif á starf okkar. Eftir því sem líður á Covid hefur fólk þó orðið óhræddara við að mæta til okkar á Sjónstöðina, enda eru hér viðhafðar sóttvarnir til að koma í veg fyrir smit. Eins og í öllum áskorunum, eins og Covid, kvikna oft nýjar hugmyndir. Við erum byrjuð að þróa hjá okkur fjarþjónustu við notendur, þ.e. hugmyndin er að bjóða

fólki sem ekki kemst til okkar í viðtal að hitta okkur í gegnum fjarfundarbúnað. Þar er hægt að fara yfir hjálpartæki, hvort þau virka sem skyldi, hvort viðkomandi þurfi meiri kennslu, þurfi meiri stækkun í stækkunarglerinu o.s.frv.

Við myndum hvetja þá sem eru ekki sleipir í tækninni að fá aðstandendur til að hjálpa sér og jafnvel taka þátt í viðtalinu. Eins og staðan er á rauntíma fylgja oft aðstandendur foreldrum sínum í þjónustu til okkar og þetta væri í raun ekkert öðruvísi. Ef fólk vill getur það sýnt í kringum sig og spurt út í merkingar, t.d. á fjarstýringum eða jafnvel hvar best er fyrir viðkomandi að sitja til að sjá sem best á sjónvarpið. Það verður mjög skemmtilegt að geta þróað þessa þjónustu og komið henni í gang hjá okkur. Þetta mun hjálpa mikið fólkinu okkar sem er úti á landi.

-FSF



„Ég sé um hleðsluna,
AVIS um rest“

Andrea Róberts velur rafbíl hjá AVIS

AVIS

www.avislangtímaleiga.is



RAUÐA FJÖÐRIN 2022

Lionshreyfingin á Íslandi safnar fé á nokkurra ára fresti til góðra málefna undir merkinu „Rauða fjöðrin“.

Nú hafa Lionshreyfingin og Blindrafélagið tekið höndum saman um átak til að tryggja framboð af leiðsöguhundum í landinu til nýrra notenda og til endurnýjunar þeirra hunda sem nú þegar eru til staðar.

Samstarf Lions og Blindrafélagsins stendur á gömlum merg enda hefur Lionshreyfingin stutt við blinda og sjónskerta með myndarlegum hætti víðs vegar um heiminn í liðlega 100 ára sögu hreyfingarinnar.

Í þessari landssöfnun Lionshreyfingarinnar undir merkjum rauðu fjaðrarinnar er það nýmæli að styrkþeginn, Blindrafélagið, kemur mun meira að verkefninu með virkri þátttöku en í fyrri söfnunum, enda er þörfin brýn. Söfnunin er upphafsáttak í þriggja ára verkefni Blindrafélagsins um fjölgun leiðsöguhunda.

Stefnt er á að sala á rauðu fjöðrinni hefjist í byrjun apríl.





**Krílin hennar Línu
Rutar fást í verslun
Blindrafélagsins,
Hamrahlíð 17**



AÐILD AÐ MARAKESS-SÁTTMÁLANUM BREYTIR MIKLU

Þann 9. mars næstkomandi tekur aðild Íslands að Marakess-sáttmálanum formlega gildi. En hvað þýðir það og hverjir eru það sem njóta góðs af aðild Íslands að sáttmálanum?

Aðild að Marakess-sáttmálanum breytir miklu. Þann 9. mars næstkomandi tekur aðild Íslands að Marakess-sáttmálanum formlega gildi. En hvað þýðir það og hverjir eru það sem njóta góðs af aðild Íslands að sáttmálanum?

Sáttmálinn sem slíkur er ekki nýr af nálinni, hann var fyrst samþykktur árið 2013 og tók gildi árið 2016. Um 85 þjóðir hafa nú gerst aðilar að sáttmálanum, þar á meðan Evrópusambandið sem heild. Markmið hans er að tryggja aðgengi blindra, sjónskertra og prentleturshamlaðra að höfundarréttarvörðu efni og skulu aðildarríki aðlaga reglur tengdar höfundarrétti þannig að svo megi vera.

Sáttmálinn snertir þannig fyrst og fremst aðila sem ekki starfa í hagnaðarskyni, heldur snýr að því að tryggja jafnt aðgengi að upplýsingum. Þess ber að geta að staðan hingað til á Íslandi hefur verið mun betri en víða annars staðar í heiminum. Með innleiðingunni og lagabreytingum tengdum henni er hnykkt á hlutverki viðeigandi stofnana sem sjá um að útvega þessum hópi höfundarréttarvarið efni á aðgengilegu formi til að sinna sínum skyldum. Má þar nefna sem dæmi Hljóðbókasafn Íslands og Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Nú leikur því enginn vafi á um lögmæti þess að gera allt prentað efni aðgengilegt þessum einstaklingum. Auk



Alþýðusamband Íslands



DÚKKUVÖGGURNAR VINSÆLU

FÁST HJÁ BLINDRAFÉLAGINU OG Í VEFVERSLUN FÉLAGSINS BLIND.IS



Þessi opnar Marakess-sáttmálinn á aðgengi Íslendinga að efni erlendis frá og öfugt. Í ríkjum þar sem höfundarréttarlög eru hvað hörðust hefur hann einnig rutt brautina fyrir blinda, sjónskerta og prentleturshamlaða almennt við að nálgast innlent höfundarréttarvarið efni, sem ef til vill var ekki mögulegt áður.

Hérlendis er kannski ein stærsta breytingin sú að innleiðing sáttmálans opnar fyrir aðgengi blindra, sjónskertra og prentleturshamlaðra nemenda að erlendum kennslubókum, en á Íslandi er fjöldi erlendra bóka notaður við kennslu á háskólastigi. Oft hefur reynst erfitt fyrir nemendur hérlendis að fá aðgang að þeim á aðgengilegu formi.

Samkvæmt upplýsingum frá Hljóðbókasafni Íslands hefur sú staða reglulega komið upp að íslenskir nemendur fá ekki aðgang að erlendum kennslubókum, jafnvel þótt þær hafi verið gerðar aðgengilegar erlendis. Þannig hefur aðild Íslands að sáttmálanum mjög mikil áhrif fyrir þann hóp sem nýtur góðs af henni.

Blindrafélagið fagnar þessum mikilvæga áfanga og bindur vonir við að aðild Íslands að Marakess-sáttmálanum verði félagsmönnum sínum sem og öðrum til hagsbóta í leik, starfi og námi í komandi framtíð.

-HPA





VIVA

Þjónustu-og þekkingarmiðstöðin hefur undanfarin ár tekið þátt í Erasmus+ Evrópuverkefninu VIVA (Visually impaired youth with vested autonomy-social inclusion via social entrepreneurship) ásamt fimm öðrum löndum.

Verkefnið gengur út á að valdefla ungt, blint og sjónskert fólk á aldrinum 18-30 ára og veita því tækifæri til að efla leiðtogahæfileika, jákvæða sjálfsmynd og samvinnu. Þátttakendur fræddust um félagslega frumkvöðla (e. social entrepreneurs) og atvinnutækifæri tengd því að stofna eigið fyrirtæki. Á síðu verkefnisins eru allar upplýsingar um verkefnið: www.viva-erasmusplus.eu. Sjónstöðin fékk til liðs við sig ungt og efnilegt fólk sem á þakkir skilið fyrir þátttökuna, samvinnuna, jákvæðnina og þolinmæðina vegna stöðugra breytinga vegna heimsfaraldurs. Eitt af markmiðum verkefnisins var að búa til handbók um félagslegt frumkvöðlastarf með áherslu á gagnlegar æfingar, sjálfstyrkingu og hópefli og hún er nú aðgengileg á síðu verkefnisins á sex tungumálum, þar á meðal á íslensku

og ensku: <https://www.viva-erasmusplus.eu/intellectual-output-setp>. Verkefninu lauk formlega haustið 2021 en það er einlæg ósk Sjónstöðvarinnar að nýta þekkinguna áfram og er vinna nú þegar farin af stað með að skipuleggja það.

VIVA-verkefnið er meðal stærstu Erasmus-verkefnanna sem Sjónstöðin hefur tekið þátt í. Þátttakendur frá sex löndum tóku þátt í verkefninu, Íslandi, Rúmeníu, Grikklandi, Ítalíu, Búlgaríu og Belgíu. Verkefnið snerist í stuttu máli um það að valdefla ungt blint og sjónskert fólk til að taka af skarið og búa til eigin atvinnutækifæri í gegnum félagslegt frumkvöðlastarf. Í mjög mörgum Evrópulöndum er atvinnuleysi meðal blindra og sjónskertra mjög mikið og margir lifa við

þann raunveruleika að geta ekki fundið störf við sitt hæfi þrátt fyrir að hafa jafnvel menntað sig á einhverju sviði.

En hvað er félagslegt frumkvöðlastarf og hvernig getur það hjálpað blindum og sjónskertum?

Með hefðbundnu frumkvöðlastarfi er hugmyndin yfirleitt sú að finna lausn á þörf einhvers hóps með vöru eða þjónustu sem ekki hefur verið til áður með það að markmiði að græða peninga. Í félagslegu frumkvöðlastarfi er gróði ekki eins mikilvægur þáttur. Markmiðið getur einfaldlega verið það að virkja hópa til atvinnu sem ekki hafa að öðrum kosti tækifæri til að vinna en það getur líka verið að koma til móts við einhverja félagslega þörf sem er til staðar en ekki fullnægt.

Á Íslandi má t.d. nefna kaffihúsið Gæs sem dæmi um félagslegt frumkvöðlastarf sem margir þekkja, en þar sá fatlað fólk um kaffihúsið. Annað dæmi er Bergið Headspace sem miðar að því að gefa ungu fólki í erfiðum aðstæðum stað til að vinna með sjálfst sig en íslensku þátttakendurnir fóru einmitt í heimsókn þangað til að kynna sér félagslegt frumkvöðlastarf.

VIVA-verkefnið var styrkt af Evrópuáætluninni Erasmus+ og var svokallað strategic partnership. Slík verkefni eru stór samstarfsverkefni milli margra landa sem geta tekið nokkur ár. Hugmyndin er sú að margir aðilar sem vinna innan sama málaflokks í mörgum löndum geti þróað verkfæri og vinnuaðferðir til að styrkja sig og það sem þeir



standa fyrir. Í tilfalli VIVA voru markmiðin þau að hanna handbók með æfingum og aðferðum sérstaklega úthugsuðum til að veldefla ungt blint og sjónskert fólk. Einnig voru skipulagðir viðburðir bæði fyrir ungt fólk og þá sem vinna með ungu fólki til að þróa aðferðir og örva unga þátttakendur til aðgerða.

VIVA hófst í mars árið 2019 og átti í upphafi að ljúka í lok ársins 2020. Upphaflega átti að halda ungmennaskipti í Rúmeníu 2020 en heimsfaraldur kórónuveirunnar setti svo sannarlega strik í reikninginn þar. Sem betur fer tókst þó að halda fyrsta meginviðburðinn sem var námskeið fyrir þá sem tóku að sér hlutverk mentora í verkefninu.

Þetta námskeið fór fram í Sofíu, höfuðborg



Búlgaríu, í nóvember 2019. Sjónstöðin sendi þau Ástu Björnsdóttur og Eypór Kamban Prastarson til að taka þátt í því. Árið 2020 hófst auðvitað með miklum látum eins og heimsbyggðinni er kunnugt um og setti það svo sannarlega strik í reikninginn. En okkur á Íslandi tókst samt að halda nokkrar vinnusmiðjur þar sem ungt fólk kom saman og fræddist um félagslegt frumkvöðlastarf og margt fleira. Þátttakendur fóru í vettvangsheimsóknir á tvo mjög ólíka staði.

Fyrst var ferðinni heitið í Bergið Headspace þar sem þátttakendur fræddust um það hvernig stofnanda Bergsins tókst að gera það að raunveruleika eftir að hafa fengið hugmyndina í tannlæknastól. Því næst fóru þátttakendur í heimsókn í verksmiðju Omnom þar sem þeir fræddust um stofnun fyrirtækisins og hvernig hugmyndin þróaðist og varð að því fyrirtæki sem Omnom er í dag.

Þátttakendur lærðu einnig að innbyrða og njóta súkkulaðis í miklu magni enda mikilvægt fyrir frumkvöðla að hafa mikla orku og kunna

að hugsa um sjálfa sig.

Eftir sumarið 2020 þurftu allir viðburðir að vera rafrænir og setti Covid mikinn svip á verkefnið. Verkefnið var framlengt fram í ágúst 2021 og þurftu allir að beita ímyndunaraflinu og þolinmæði til að ná markmiðum verkefnisins. Stór rafrænn viðburður var haldinn sumarið 2021 þar sem þátttakendur fengu fræðslu og gerðu æfingar í gegnum Zoom sem var ný upplifun fyrir alla. Segja má að verkefnið hafi í raun tekist mjög vel þrátt fyrir mikinn mótbyr og í VIVA-handbókinni er að finna mikinn og dýrmætan fróðleik um bæði félagslegt frumkvöðlastarf og æfingar sem geta eftir liðsheild og aukið valdeflingu. Allt þetta efni á það sameiginlegt að vera aðlagð þannig að blindir og sjónskertir geti tekið fullan þátt í öllum verkefnum en það er ekki alltaf sjálfgefið. Vonin er sú að handbókin sé tiltæk þeim sem vinna með blindum og sjónskertum og geti veitt innblástur og gefið hugmyndir um það hvers konar verkefni gætu hentað til að koma í veg fyrir að fólk upplifi sig utan við

hópurinn sem er því miður stundum raunin fyrir blind og sjónskert ungmenni.

Handbókina má finna á heimasíðu verkefnisins: www.viva-erasmusplus.eu á tungumálum allra þátttökulanda.

Iva Adrichem, söngkona og laganemi, var ein þeirra sem tók þátt í VIVA-verkefninu og skrifaði eftirfarandi umsögn um verkefnið sem er aðgengileg á heimasíðu Sjónstöðvarinnar:

Undanfarið eitt og hálft ár hef ég, ásamt fjórum öðrum ungmönnum, tekið þátt í verkefninu VIVA á vegum Erasmus og Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvarinnar. Markmið mín með þátttöku í verkefninu voru að tileinka mér verkfæri sem þjálfar leiðtogahæfni og nýtast til að byggja upp gott og árangursríkt samstarf við annaðfólk. Einnig vildi ég kynnast hugmyndum og viðhorfum blinda og sjónskerts fólks frá ólíkum löndum og með mismunandi bakgrunn og menntun. Hið síðarnefnda markmið náðist því miður ekki þar sem heimsfaraldurinn setti strik í reikninginn og fyrirhuguð ferð á vegum verkefnisins til Rúmeníu féll niður. Því varð fólk að vinna frá sínu landi og alþjóðavinkillinn fór fyrir lítið. Verkfærin sem við tileinkuðum okkur eru notuð í atvinnulífinu og einnig í fræðasamfélaginu, til dæmis hef ég gert sambærilega hluti í nýsköpunaráfanga við Háskólann í Reykjavík. Mér finnst ég skilja betur hvernig gott samstarf verður til og að litlar hugmyndir geta bylt heiminum, bara ef nógu mikill vilji og dugnaður eru fyrir hendi. Einnig er mjög hjálplegt að VIVA skuli hafa birt handbók með ýmsum æfingum, leikjum og verkefnum sem geta nýst í hópefli, leiðtogaþjálfun og samstarfi, en einnig í daglegu lífi.

Hópurinn sem tók þátt í VIVA fyrir Íslands hönd heimsótti og fræddist um störf íslenskra frumkvöðla, með sérstaka áherslu á félagslegt



frumkvöðlastarf. Meðal þeirra frumkvöðla sem við heimsóttum má nefna Bergið Headspace, sem er ráðgjafasetur fyrir ungt fólk. Það var afar áhugavert að sjá hvernig ýmsir persónulegir viðburðir í lífi fólks gátu skapað tækifæri til að finna lausnir sem nýst geta öðrum í sambærilegri stöðu.

Þó svo ég sjái sjálfa mig ekki fyrir mér í frumkvöðlastarfi á næstu árum, tel ég afar líklegt að þekkingin á frumkvöðlastarfi og leiðtogaþjálfunin sem ég fékk í gegnum VIVA-verkefnið geti nýst mér í námi mínu, vinnu og daglegu lífi.

-EKP

emmessis

SKAGINN 3X



HS VEITUR




HÓLMFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

Það er ekki oft sem félagar í Blindrafélaginu útskrifast úr listaháskólum en fyrir tveimur árum gerðist einmitt það. Hólmfríður Guðmundsdóttir lauk B.A.-gráðu í myndlist frá Listaháskóla Íslands. Viðsjá lék forvitni á að vita meira um myndlistarmanninn og hennar upplifun á listinni.

Hólmfríður Guðmundsdóttir er fædd 1994 og ólst upp í Hafnarfirði. Faðir hennar er með hrörnunarsjúkdóm í sjóntaugunum og var því fylgst vel með dætrum hans til að sjá hvort þær myndu erfa sjúkdóminn. Því voru árlegar ferðir til augnlæknis hefðbundinn hluti af tilverunni. Þegar Hólmfríður var 16 ára greindist hún með augnsjúkdóminn. Sjúkdómurinn lýsir sér þannig að hægt og rólega missir hún sjónina.

Það er engin lækning við því.

„Ég var lengi að klára stúdentsprófið sem var ef til vill sambland af því að vera áhugalaus um námsefnið og svo hafði sjónskerðingin eitthvað um það að segja. Það var erfitt að sitja tímana. Ég átti í erfiðleikum með að lesa á töfluna og bækur. Það var ekki auðvelt að vinna í tölvum. Það var svo miklu auðveldara að skrifa þetta



á leti heldur en sjúkdóminn. Ég var mjög lengi að viðurkenna augnsjúkdóminn, það væri bara eitthvað sem væri ekki að gerast. Það er svo ákaflega erfitt að vera eitthvað öðruvísi á þessum aldri. Ég byrjaði í Flensborg í Hafnarfirði en fór svo yfir í Menntaskólann við Hamrahlíð. Þá loksins fór ég að þiggja hjálp frá Þjónustu- og þekkingarmiðstöðinni. Þrátt fyrir hana var ég alveg við það að gefast upp á námi. Ég endaði þó á að venda mínu kvæði í kross og prufa myndlistarbraut í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Það var algjörlega nýtt líf. Þá var í fyrsta skipti gaman að mæta í skólann, fyrsta skiptið sem ég var að fá góðar einkunnir. Ég fann mig algjörlega í þessu.“

Sjónskerðing sem styrkur

„Áhuginn á myndlist hefur verið til staðar frá blautu barnsbeini. Ég var alltaf að teikna sem barn en fattaði einhvern veginn aldrei að myndlist væri eitthvað sem hægt væri að læra.

Það var aldrei valmöguleiki fyrir mig. Það er ef til vill ekki kynnt nógu vel í grunnskólum. Maður átti bara að læra náttúrufræði og eitthvað í þá átt.

Þegar ég var kominn í Listaháskólann fattaði ég að listnám hentaði vel vegna sjónarinnar. Það var eitthvað sem fólk átti í erfiðleikum með að skilja. Fólk hváði þegar ég sagði að ég væri að fara að læra myndlist. Því fannst það frekar furðulegt.

Í myndlistinni leynist svo mikil heimspeki – að fá að setja hlutina í nýtt samhengi og horfa á þá í öðru ljósi.

Á einhverjum tímapunkti fannst mér ég jafnvel vera með forskot á samnemendur mína því ég var með annað sjónarhorn í myndlistinni. Ofan á augnsjúkdóminn er ég líka litblind svo ég skynja liti öðruvísi.

Ég hef í raun lítið þælt í litum sem er kannski óhefðbundið ef maður er að læra myndlist.





Litafræði er auðvitað hluti af náminu. Ég man sérstaklega eftir einu dæmi þegar við vorum beðin um að gera litaæfingar. Kennaranum fannst svo ótrúlega áhugavert hvernig ég vann þá æfingu. Það kom allt öðruvísi útkoma en hann var vanur. Þá var ég ekki búin að segja að ég væri sjónskert.“

Eigin sjónskerðing sem viðfangsefni

„Það var þó ekki fyrr en líða tók á námið sem ég fór að skoða betur sjónskerðinguna, rannsaka hana sem viðfangsefni.

Ég gerði einkasýningu þar sem ég einblíndi á upplifun mína af litum. Eitt verkið þar heitir Hann er svo sætur í svona bleiku sem er heillitur á pappír.

Sonur minn á „bleikan“ jakka sem mér finnst hann svo sætur í og jafnframt vera örlítill uppreisn gegn hefðbundinni litanotkun drengja. Einn daginn var mér bent á að

jakkinn væri í raun og veru myntugrænn. Það er litatónn sem ég skynja öðruvísi en aðrir og þurfti þá að gefa nýtt nafn. Í dag heitir liturinn í mínu persónulega litakerfi einfaldlega „Sætur í bleiku“. Þannig krefst óhefðbundin litaskynjun, eins og í tilviki litblindra, öðruvísi flokkunarkerfis. Sami litur getur oft túlkast sem aðrir þrír litir og þá þarf hver og einn að notast við eigin aðferðir eða litakerfi eins og í mínu tilviki. Þá ber ég litina saman ef þeir eru að vefjast fyrir mér og það auðveldar mér að greina þá.“

B.A.-ritgerðin mín er síðan mest um lit og litblindu

„Síðasta árið mitt í Listaháskólanum snerist síðan mikið um að pæla í sjónskerðingunni minni. Mér hafði alltaf fundist þetta neikvætt, t.d. þegar ég var 16 ára mátti ég ekki taka bílpróf. Það var á þeim tíma stærsta sorgin



Hann er svo sætur í svona bleiku

í lífi mínu. Þess vegna vildi ég reyna að breyta sjónskerðingunni í styrk. Eins er með litblinduna, fólk veit í raun mjög lítið um litblindu. Fólk telur að maður sjái bara í svarthvítu, sjái bara rauða liti eða eitthvað þannig. Í mínu tilfelli vil ég meina að ég sjái fleiri. Það er ein saga sem rennir stöðum undir þá trú mína.

Ég var í hjólaferð með mömmu minni. Við stoppuðum við stóran vegg með mósaíkverki. Mamma er mjög dugleg að spyrja mig hvaða liti ég sjái. Fyrir mér var þetta marglitt verk, grátt, bleikt, hvítt og margir tónar, en í raun var þetta grár og hvítur veggur. Leiðsögumaður ferðarinnar hafði þá á orði að svo virtist sem

ég væri með miklu breiðari litaskala en þau. Það fannst mér skemmtilegt að heyra því ég hafði alltaf haft neikvæða hugsun gagnvart litblindunni. Eftir þetta áttaði ég á mig á því að ég væri að sjá miklu fleiri liti en aðrir.

Það er áhugavert að velta fyrir sér tungumálinu þegar kemur að því að skilgreina lit og þá fór ég að velta fyrir mér hvort sú skilgreining breytist eftir menningarhópum.

Á eyjunni Pingelap í Suður-Kýrrahafi er samfélag sem skilgreinir lit á allt annan hátt þar sem litblinda hefur erfst niður kynslóðir hjá stórum hluta íbúa eyjarinnar. Pingelapese-fólk er t.d. með miklu meiri orðaforða yfir litinn grænn heldur en við. Eyjarbúar sem geta ekki greint liti segjast fara eftir lykt, áferð og bragði fremur en lit við að greina á milli og segja að það sé ekki síðri aðferð en ef þeir sæju litina.

Þetta er eitthvað sem ég get samsamað mig við. Þegar talað er um litabreytingar vegna árstíða tengi ég mjög lítið við það vegna hversu lítið ég skynja liti. Árstíðabreytingar fyrir mér eru miklu meira breyting á formum, efni og lykt frekar en lit.“

Vinna með höndunum

„Myndlistin mín hefur þróast á þann veg að ég var mikið að mála fyrst um sinn en útskriftarverkefnið mitt var textílverk, blönduð tækni. Þá var ég mikið að leita í þær aðferðir að blanda efnum mikið saman. Mér fannst þau verk langflottust. Námið gengur svo mikið út á að skilja af hverju maður gerir hlutina eins og maður gerir. Fyrstu tvö árin fylgir maður mikið innsæinu, gerir eitthvað sem manni finnst gaman eða áhugavert. Síðan í lok náms rann það upp fyrir mér að ég er alltaf að reyna að gera eitthvað með höndunum. Finna áhugaverð efni og para þau efni saman.





Mér líður best í því vegna þess að ég get ekki treyst á sjónina.“

Myndlistin er fyrir alla

„Það er auðvitað misskilningur að þetta séu bara máluð landslagsmálverk. Það geta allir gert myndlistina að sinni. Ég gæti aldrei málað landslagsmyndir, það myndi taka mig tíu ár. Það þyrfti einhver að hjálpa mér að velja litina. Síðan gæti ég gert mína útgáfu af landslagsmálverki þar sem ég nota mína liti. Í myndlistinni væri það jafnt hinu verkinu.“

Hvað er næst?

„Ég stefni á að fara í listakennslu. Það er bæði kennt í Listaháskólanum og Háskóla Íslands. Mig langar að breyta aðeins til og skrá mig í Háskóla Íslands. Tel að það henti mér mjög vel. Þá gæti ég náð að tvinnna saman vinnuna mína og áhugamál. Mér finnst gaman að vinna með fólki. Enn fremur var ég svolítill vandræðaunglingur, tók mig sjö ár að klára

stúdentspróf, og mig langar að hjálpa krökkum sem finna sig í þeim sporum. Hjálpa þeim að finna eitthvað við hæfi. Það eru nefnilega svo margar leiðir sem hægt er að fara, jafnvel að vinna með sjónskertum börnum og unglingum.“

-FSF





AÐGENGI Í METAVERSE

Á dögunum tilkynnti tæknirisinn Facebook að hann hétu ekki lengur Facebook heldur Meta. Það á að vera skref í því að innleiða svokallað metaverse eða internetið 3.0. Þar munu internetið og raunheimar verða að heildrænni upplifun þar sem heimarnir munu blæða hvor inn í annan og reyna að afmá skilin milli þeirra.

Það er ekki annað hægt en að hika við þessar tillögur, sérstaklega þegar hugað er að aðgengi í þessum nýja heimi sem metaverse verður. Eins og hann er settur upp í dag er best að lýsa honum sem einhvers konar sýndarveruleika. Það er strax hægt að komast að þeirri niðurstöðu með orðinu einu saman að þetta eigi eftir að verða erfitt ferðalag fyrir þá sem ekki hafa fulla sjón. Til að upplifa heiminn þurfa einstaklingar að vera með sýndarveruleikagleraugu en Facebook/Meta er einmitt að framleiða slík gleraugu.

Internetið í dag sem oft er kallað internet 2.0 er varla aðgengilegt fyrir blinda og sjónskerta eins og staðan er. Talað er um að einungis 2% af vefnum séu aðgengileg öllum. Internetið í dag byggir að mestu á texta sem skjálesari getur lesið ef síður eru rétt hannaðar til að byrja með. Þið getið því rétt ímyndað ykkur hvernig

aðgengi verður hagað í sýndarveruleikum framtíðarinnar. Við sem vinnum við málaflokkinn vitum að aðgengi er sjaldan eða aldrei forgangsatriði þeirra sem hanna vörur. Þó er hægt að gefa sér að það sé ekki gert vegna hreinnar illsku heldur hugsunar- eða fjármagnsleysis.

Ef metaverse á að verða næsta stóra skrefið í þróun internetsins þurfa þau fyrirtæki sem eru leiðandi í geiranum að taka aðgengi föstum tókum og gera þannig þennan sýndarveruleikaheim aðgengilegan öllum.

Byggt frá grunni

Í umræðum er varða aðgengi er gjarnan talað um hversu kostnaðarsamt það er að gera hluti aðgengilega eftir á. Því er upplagt að huga að aðgengi núna strax, á meðan heimurinn er enn á fyrri stigum þróunar.

Það væri t.d. hægt að huga að sjónlýsingum strax í upphafi þar sem heimurinn verður að mestu sjónrænn.

Með því að huga að aðgengi strax í mótun heimsins getur aðgengi ekki einungis orðið betra heldur verður það líka ódýrara.

-FSF



MATARUPPLIFUN Á FERÐALÖGUM

Matarhorn Rósu Ragnarsdóttur

Á ferðalögum mínum hefur matarupplifun verið stór hluti af ferðalaginu. Þegar heim er komið reyni ég að líkja eftir og finna bragðið aftur. Oftast hefur það heppnast. Lengsta ferðalag mitt var í Frakklandi, þegar ég bjó þar í þrjú ár. Matarmenning þar er mjög fjölbreytt. Í Suður-Frakklandi er matur frá Norður-Afríku mjög algengur. Eftir þessa dvöl mína mundi ég helst eftir því sem ég hafði í uppáhaldi, en það eru merguez-pylsur og lamb-borgarar. Núna ætla ég að leyfa ykkur að spreyta ykkur á Miðjarðarhafslamb-burgerunum með tómát-chutney (mauki).

550 gr. kindahakk (fæst oft í Nettó)
½ bolli fetaostur (brytjaður)
1 hrært egg
½ bolli gróft brauðrasp
½ perluhvítlaukur (eða 3 geirar venjulegur)
½ bolli ólífur (smátt skornar)
½ bolli mynta (smátt skornin)
Salt og pipar

Öllum innihaldsefnum hnoðað saman við hakkið. Því næst búnir til fjórir þykkir borgarar (helst með pressu) og kældir aðeins niður. Borgararnir steiktir, helst á grillpönnu.

Bornir fram með þunnu brauði, klettsalati og tómát-chutney.

Tómát-chutney er svolítið mall og er því tilvalið að gera þónokkurt magn í einu og geyma. Það er einnig gott með fleiri réttum.

Uppskrift:

500 gr. rauðlaukur (saxaður)
1 kg tómatar (saxaðir)
1 stk. perluhvítlaukur (eða 4 geirar venjulegur)
8-12 rauð chili (fræhreinsuð og söxuð)
5 cm engifer (saxaður)
250 gr. púðursykur
150 ml rauðvínsedik
5 kardimommur (muldar)
½ tsk. paprikuduft

Öllu þessu er blandað í pott og soðið í um 1 klst. og hrært í öðru hvoru. Að lokum er töfrasprota beitt til að hakka maukið betur og það sett á krukkur. Geymt í kæli.





MINNKUM MATARSÓUN

Matvæli á síðasta séns

Í síðasta tölublaði Víðsjár var ég með smápistil um mat á síðasta séns og ætla ég aðeins að bæta við það núna.

Avókadó – Til að finna hvort avókadó sé orðið tilbúið er best að klípa létt í það og finna hvort það gefi aðeins eftir. Oft kaupir maður of mikið af avókadó og þá verða þeir allir tilbúnir á sama tíma. Við reddum því með því að skræla og hreinsa þá. Taka allt sem orðið er brúnt í burtu, skera í bita og frysta í dollu. Þá er það tilvalið til að nota t.d. beint í gvakamóle.

